

Um nesti..

Við leggjum til að nemendur komi með ávexti og grænmeti sem nesti og drekki vatn. Foreldrar hafa þó val um að senda börn sín með annað hollt og gott nesti. Í umhverfisvænu samfélagi leggjum við áherslu á að nemendur komi með allt nesti í fjölnota umbúðum.

Að gefnu tilefni vekjum við athygli á að orkudrykkir flokkast ekki sem hollt og gott nesti !!



Kæra skólasamfélag

Þá er skólaárið komið af stað hjá okkur en eins og vitið gengu fyrstu dagarnir frekar brösuglega vegna mikilla veikinda starfsfólks. Veikindin eru núna að mestu gengin yfir þó enn séu reyndar nokkrir starfsmenn veikir. Við erum dálítið leið yfir fréttaflutningi af matarsýkingunni hjá okkur því þar var gefið í skyn að koma hefði mátt í veg fyrir veikindin með betri þvotti á umræddu grænmeti. Sú túlkun kom okkur skringilega fyrir sjónir því á sama tíma höfðum við fengið staðfest að þvert á móti var ekkert að meðhöndlun eldhúsfólksins okkar og að meiri þvottur hefði ekki dugað til. Úttekt leiddi í ljós ljómandi góða stöðu hvað varðar hreinlæti og ferla í eldhúsinu og því bara um einskæra óheppni að ræða. Við höfum hins vegar vaðið fyrir neðan okkur og tökum ekki séns á ítölsku salati í bráð!

En nú leggjum við semsagt upp með kröftugt skólastarf eins og ekkert hafi í skorist. Á næstu dögum verða námskynningar fyrir foreldra með hefðbundnu sniði en þar verður m.a. kynnt nýtt fyrirkomulag á námsmati og framsetningu kennsluáætla. Tímasetningar námskynninganna má nálgast á baksíðunni. Við gerum að sjálfsögðu ráð fyrir almennri mætingu foreldra á fundina enda mikilvægt að fylgjast vel með starfinu í skólanum, þannig gefum við líka börnunum skýr skilaboð um að starfið innan veggja skólans skipti miklu máli!

Bestu kveðjur úr skólanum,

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Ofnæmi - mataróþol

Minnt er á að ef nemendur eru með ofnæmi eða mataróþol sem taka þarf tillit til þá þurfa foreldrar að framvísa vottorði frá lækni.

Námshagjald

Þeir sem enn eiga eftir að greiða námshagjald eru beðnir um að leggja inn sem fyrst. Nú byrjum við að senda út áminningarpósta á þá sem eiga eftir að greiða..

Kt. 650408-1870

Rnr. 322-22-3489

4000 kr. fyrir 1.-4. bekk

3800 kr. fyrir 5.-7. bekk

2500 kr. fyrir 8.-10. bekk

Heilahristingur – heimanámsaðstoð

Heimanámsaðstoð verður í boði í vetur á Bókasafni Kópavogs fyrir nemendur í grunnskólum Kópavogs líkt og undanfarin ár. Aðstoðin er samstarfsverkefni Kópavogsdeildar Rauða krossins á Íslandi og bókasafnsins og mun Rauði krossinn leggja til sjálfbóðaliða ef þörf krefur.

Aðstoðin verður tvisvar í viku:


- **Á aðalsafni á þriðjudögum kl. 14:30-16:30**
- **Á Lindasafni á miðvikudögum kl. 14:30-16:30**

Nemendur mæta með heimalærdóm og grunnskólakennari verður á staðnum nemendum til aðstoðar. Nemendur þurfa ekki að skrá sig í heimanámsaðstoðina, hún kostar ekkert og það er engin mætingarskylda.

Nánari upplýsingar veitir Ágústa Bárðardóttir, umsjónarmaður heimanámsaðstoðar og grunnskólakennari, agustab@kopavogur.is

Til gamans má geta að Bókasafn Kópavogs hefur í samstarfi við Barnabókasetur Íslands sett upp lestrargöngu í Kópavogi, en gangan er eitt af mörgum lestrarhvatningarverkefnum bókasafnsins.

Sjá nánar hér: <http://www.bokasafnkopavogs.is/lestrarganga/>



Skólapúlsinn - kannanir meðal nemenda

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja nemendur í 6.-10. bekk spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni í námi, viðhorf til námsins og ýmissra almennra spurninga um skóla- og bekkjaranda. Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur um 20 mínútur að svara henni. Könnunin er hluti af sjálfsmati skólans og niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsmönnum Skólapúlssins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísi. Sjálfsmatskerfið hefur verið tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5590. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju. Ef að foreldri er mótfallið því að því nemandi svari spurningalistanum er það beðið um að hafa samband við skólann og verður þá nemandinn fjarlægður af þátttakendalistanum. Nánari upplýsingar um Skólapúlsinn eru á <http://skolapulsinn.is/um>.

Einnig er hægt að hringja í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is

Kúlan Miðstig
Haust 2017

5,6 & 7. bekkur

11. september
Fyrsta opnunin

9. október
Ball

13. nóvember
Fifa og perl

11. desember
Aðventuafslöppun

7. bekkur

25. september
Spjall

23. október
Fáránleikar

27. nóvember
Hjartsláttur

Þessa mánudaga milli
17:00-18:30

Kúlan - unglिंगastig - september 2017		
4 17:00-18:30 Lokað 19:30-22:00 Fræðsla	6 17:00-18:30 Opið hús 19:30-22:00 Opið hús	8 19:30-23:00 Grilla pulsar Bolta stuð
11 17:00-18:30 Miðstigs opnun 19:30-22:00 Opið hús	13 17:00-18:30 Opið hús 19:30-22:00 8. bekkja opnun	15
18 17:00-18:30 Lokað 19:30-22:00 Skalli og heimsókn í Dimmu	20 17:00-18:30 ÍTK undirbúningur 19:30-22:00 ÍTK undirbúningur	22 Íþróttadagur og ÍTK-ball
25 17:00-18:30 7 bekkja opnun 19:30-22:00 Pogo mót	27 17:00-18:30 Opið hús 19:30-22:00 Spil og bíó mynd	29

Okkar Kópavogur

Þann 1. september næstkomandi hefst lýðræðisverkefnið Okkar Kópavogur að nýju þar sem íbúar geta lagt fram hugmyndir að verkefnum sem þeir vilja sjá framkvæmd í bænum.

Hugmyndasöfnunin stendur yfir frá og með 1. september til 22. september þar sem hægt er að senda inn hugmyndir á hugmyndavef en einnig verða haldnir fimm íbúafundir í grunnskólum bæjarins.

Íbúafundur verður í Hörðuvallaskóla þriðjudaginn 5. september kl. 17:00, fyrir íbúa í Kórum, Þingum og Hvörfum, vegna lýðræðisverkefnisins Okkar Kópavogur en þar gefst íbúum tækifæri á að koma á framfæri hugmyndum sínum í hugmyndaferli verkefnisins. Nánari upplýsingar um Okkar Kópavogur eru aðgengilegar á heimasíðu verkefnisins www.kopavogur.is/okkarkopavogur
[Íbúafundur í Hörðuvallaskóla](#) - facebooksíða



Breytt námsmat og námskynningar

Dagsetningar námskynninga má sjá á baksíðu fréttabréfsins en á þær verður einnig minnt með tölvupóstum daginn fyrir hverja kynningu. Allar námskynningarnar hefjast á sal þar sem skólastjóri kynnir breytt fyrirkomulag á námsmati í skólanum en frá og með þessu skólaári tekur námsmat mið af svokölluðum hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Þetta hefur töluverðar breytingar í för með sér, m.a. á þann hátt að hefðbundin vitnisburðablöð heyra sögunni til nema að vori í 10. bekk en þess í stað safnast upplýsingar um stöðu nemenda inn á svokölluð hæfnikort í mentorkerfinu. Jafnframt taka kennsluáætlanir kennara mið af þeim hæfniviðmiðum sem metin eru. Mikilvægt er að foreldrar séu meðvitaðir um þessar breytingar og hvar upplýsingar um nám og námsstöðu nemenda verður að finna og við hvetjum því alla til að mæta. Hins vegar er óþarfi að hlusta oft á sama boðskapinn og þeir sem eiga börn á fleiri en einu aldurstigi geta því miðað mætingartíma sinn við að boðskapur skólastjóra tekur um 30 mínútur en að þeim tíma loknum fara foreldrar í kennslustofur sinna barna og hitta þar umsjónarkennara í 25-30 mínútur.

Undantekning frá þessu formi er í 1. bekk þar sem námskynningin er síðdegis og tekur u.þ.b. tvær klukkustundir en þar er um að ræða víðtækari kynningu á skólastarfinu fyrir foreldra nýnema við skólann.

Vinaliðaverkefnið

Í septembermánuði stefnum við að því að hefja svokallað Vinaliðaverkefni á miðstigi skólans en það felur í sér að virkja nemendur í að stýra leikjum og afþreyingu á skólalóðinni í frímínútum. Verkefni þetta er að norskrí fyrirmynd en hefur verið að ryðja sér til rúms í íslenskum skólum á undanförunum misserum. Nánar má fræðast um verkefnið á heimasíðu þess

<http://www.vinalidar.is>



HÖRÐUVALLASKÓLI SEPTEMBER 2017

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
27.	28. Gufusodin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	29. Heitur pastaréttur m/ pastaskrúfum, baconi, grænmeti og ostasósu. Ávextir.	30. Hrisgrjónagrautur m/ kanilsykri, rúsinum, lifrarpylsu og blóðmör. Ávextir.	31. Ýsa í kókoskarrý raspi m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir.	1. september Lasagna m/ grófu brauði. Salatbar og ávextir.	2.
3.	4. Ýsa í orly m/ brúnum hrisgrjónum og súr- sætri sósu. Salatbar og ávextir.	5. Nauthakkabuff m/ brúnni sósu, kartöflu- mús og rabarbarasultu. Saltabar og ávextir. Námskynning 8.-10. b	6. Mexíkósk súpa m/ kjúklingi, grænmeti, tortillaflögum, rifnum osti og sýrðum rjóma. Ávextir. .	7. Heimalagaður ofnbak- aður fiskur í karrýsósu m/ brúnum hrisgrjónum. Salatbar og ávextir.	8. Lambasnitsel m/ kaldri bernaisesósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. Dagur læsis	9.
10.	11. Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir.	12. Grísasnitsel m/ kaldri sósu og soðnum kart- öflum. Salatbar og ávextir. Námskynning 2.-7.b	13. Matarmikil ítölsk græn- metissúpa m/ heil- hveitipasta og brauði. Ávextir.	14. Fiskibollur m/ brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir. Námskynning 1. bekkur	15. Ofnbakaðir kjúklingabitar m/ hrisgrjónum og sósu. Salatbar og ávextir.	16.
17.	18. Gufusodin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	19. Sænskar hakkbollur m/ kartöflum, brúnni sósu og týtuberjasultu. Salatbar og ávextir.	20. Hrisgrjónagrautur m/ kanilsykri, rúsinum, lifrarpylsu og blóðmör. Ávextir.	21. Þorskur í KFC hjúpi m/ kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir. Samr. próf 7.b - ísl.	22. Íslensk kjötsúpa. Ávextir. Samr. próf 7.b - stæ.	23.
24.	25. Langa í sítrónusmjöri m/ soðnum kartöflum og hvítlaukssósu. Salat- bar og ávextir.	26. Píta með skinku, grænmeti og pítusósu. Ávextir. Fundur bekkjar- fulltrúa kl. 20:00	27. Skyr m/ rjóma blandi og flatkökur með áleggi. Ávextir.	28. Plökkfiskur m/ rúgbrauði. Salatbar og ávextir. Samr. próf 4.b - ísl.	29. Nautahakk og heilhveiti- pastaskrúfur í rauðri sósu. Salatbar og ávextir. Samr. próf 4.b - stæ.	28.

Námskynningar verða sem hér segir:

- 1. bekkur fimmtudaginn 14. september kl. 18:00 í sal skólans í Baugakór
- 2.-4. bekkur þriðjudaginn 12. september kl. 8:40 í sal skólans í Baugakór
- 5.-7. bekkur þriðjudaginn 12. september kl. 8:10 í sal skólans í Baugakór
- 8.-10. bekkur þriðjudaginn 5. september kl. 8:10 í samkomusalnum í Vallakór

**Hnetulaus skóli -
engar hnetur í nesti -
eða matvæli sem
innihalda hnetur...!!**

Útivistartíminn frá 1. september: Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.